

# FÉLAGSFRÆÐIRANNSÓKN

(vægi 15-20%)

## Málstofa byggð á eigin rannsókn (og e.t.v. veggspjald)

Næstu vikurnar munuð þið vinna að þessu verkefni í kennslustundum sem og utan þeirra. Þið skilið greinargerð og kynnið svo afraksturinn í **málstofu** (og setjið kannski helstu niðurstöður á **veggspjald**).

Verkefnið felst í mikilli gagnaöflun og rannsóknarvinnu, sem byggist m.a. á kennslubókinni *Hvernig veit ég að ég veit?* og vinnubrögðum eigindlegrar rannsóknarhefðar, sem tengist tilteknu viðfangsefni.

Þið veljið í samráði við kennarann út frá hvaða sjónarhorni þið ætlið að taka á efninu, en gert er ráð fyrir því að þið tengið það einhverri af þeim *kenninum* sem fjallað er um í námsefni áfangans. Þið þurfið jafnframt að styðjast við *rannsóknir* í félagsfræði og *tölfræðileg gögn*. Gert er ráð fyrir að þið berið niðurstöður ykkar undir félagsfræðing.

Þið þurfið að sselja kennaranum það að þið hafið aðgang að fólki sem getur veitt ykkur innsýn í viðfangsefnið áður en kennarinn samþykkir að þið takið það fyrir.

Þið komið til með að vinna saman í 4-6 manna rannsóknarhópi og því er mjög mikilvægt að ganga frá verkaskiptingunni innan rannsóknarhópsins strax, þ.e. (i) hópstjóra eða -stjórum, (ii) tengli, (iii) ábyrgðarmanni dagbóka, (iv) ábyrgðarmanni gagna og (v) Excel-sérfræðingi.

Þið þurfið að skrifa dagbók sem tengist þessu verkefni þar til þið hafið klárað málstofuna.

Þá mun frumkvæði og frumleiki hækka einkunn fyrir þetta verkefni.



## Viðfangsefnið (forsendan er að þið hafið aðgang að fólki sem muni veita ykkur innsýn í viðfangsefnið afgang á námsvefnum)

### A: Fordómar í garð innflytjenda

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun fjölda innflytjenda verið hér á landi frá 1962 til 2012?
2. Er munur á fordómum í garð innflytjenda eftir kyni, aldri, búsetu (dreifbýli/þéttbýli), menntun, stétt eða hvort viðkomandi er innflytjandi eða ekki?
3. Hver hefur þróunin verið í umfjöllun fjölmiðla um fordóma í garð innflytjenda frá 1962 til 2012?
4. Er munur á þessari umfjöllun fyrir og eftir 6. október 2008?
5. Hvaða áhrif hefur vefurinn, s.s. fésbók, gemsinn eða snjallsíminn, haft á þróun fordóma í garð innflytjenda?
6. Hvernig taka grunnskólarnir á fordómum í garð innflytjenda?

### B: Heimilisofbeldi hér á landi

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun heimilisofbeldis verið hér á landi frá 1962 til 2012?
2. Er munur á gerendum heimilisofbeldis eftir kyni, aldri, búsetu (dreifbýli/þéttbýli), menntun, stétt eða hvort viðkomandi er innflytjandi eða ekki?
3. Hver hefur þróunin verið í umfjöllun fjölmiðla um heimilisofbeldi frá 1962 til 2012?
4. Er munur á þessari umfjöllun fyrir og eftir 6. október 2008?
5. Hvaða úrræði stendur gerendum heimilisofbeldis til boða hér á landi?
6. Hvernig taka grunnskólarnir á heimilisofbeldi sem þeir fréttu af?

### C: Kreppan og borgaraleg óhlýðni

Rannsóknarspurningar:

1. Hver er saga *borgaralegrar óhlýðni*?
2. Hvað er búsáaldabyltingin og hver eru tengsl hennar við *borgaralega óhlýðni*?
3. Hver eru tengsl búsáaldabyltingarinnar við alþjóðlega *aktífasta*?
4. Hvað þýðir frasinn *þú verður að fórna eigin sannfæringu til að fúnkera í samfélaginu*?
5. Hver eru tengsl borgaralegrar óhlýðni og lýðræðis?
6. Hver er staða Íslands samanborið við Norðurlöndin?

### D: Afbrot unglunga

„Ég byrjaði í afbrotum en hætti því rugli og fór í menntaskóla.“

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun afbrota unglunga verið hér á landi frá 1962 til 2012?
2. Er munur á afbrotum unglunga eftir kyni, aldri, búsetu (dreifbýli/þéttbýli), menntun, stétt eða hvort viðkomandi er innflytjandi eða ekki?
3. Hvaða áhrif hafa fjölmiðlar haft á þessa þróun?
4. Hvaða tengsl eru á milli afbrota og fíkniefnaneyslu unglunga?
5. Hvaða tengsl eru á milli afbrota og skólasetu unglunga?
6. Hvaða tengsl eru á milli afbrota og vinnu unglunga með skóla?

## KRÖFUR VEGNA HEIMILDAÖFLUNAR

- (a) Fjöldi heimilda skal vera a.m.k. 8-12 (þ.e.a.s. hver hópmeðlimur útvegar a.m.k. tvær heimildir) auk kennslubókanna (þar sem það á við).
- (b) **Skýrslur félagsfræðirannsókna** sem tengjast viðfangsefni ykkar.  
Ef þið náið ekki í slíkar skýrslur þarf að tala við a.m.k.  **tvo sérfræðinga** á sviðinu.
- (c) Aðrar skýrslur þurfa að koma frá **frá opinberum aðilum**.
- (d) Þær verða að koma frá ólíkum aðilum til að forða því að þær séu *einsleitnar*.
- (e) Þær þurfa að gefa fjölbreytta sýn á viðfangsefni ykkar.
- (f) Þær þurfa að styðja hver aðra.
- (g) Þær þurfa að svara rannsóknarspurningum ykkar en ekki einhverjum öðrum spurningum.
- (h) **ATH. Það þarf a.m.k. þrjár ólíkar heimildir til að svara tiltekinni rannsóknarspurningu.**

## HEIMILDASKRÁIN – til skýringar!



1. Hafið í huga hvað varðar gæði heimildanna (sbr. mælistikur í **3. kafla** *Hvernig veit ég að ég veit?*):
  - í **fyrsta lagi** hvort þær séu áreiðanlegar, s.s. rannsóknarskýrslur og skýrslur frá opinberum aðilum.
  - í **öðru lagi** hvort þær séu **einsleitar?**
  - í **þriðja lagi** hvort þær gefi fjölbreytta sýn á viðfangsefni ykkar?
  - Í fjórða lagi hvort þær styðji hver við aðra?
2. Í anda ER-hefðarinnar þurfið þið það tala við **a.m.k. 4 einstaklinga, þ.e.a.s.** (a) þolendur, (b) aðstandendur og (c) gerendur . helst a.m.k. fjögur djúpvíðtöl og **jafnt kynjahlutfall**. Hér getið þið nýtt ykkur víðtöl í tímaritum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu.  
Þið gætið nafnleyndar gagnvart þolendum, gerendum og aðstandendum. Ef þessir viðmælendur vilja koma fram undir nafni, geta þeir það að sjálfsögðu. Til að gæta nafnleyndar búið þið til gervinöfn og getið þess við nafnið í heimildaskrá. Síðan vitnið þið í þessi gervinöfn í sviga fyrir aftan texta úr viðtalinu eins og um raunveruleg nöfn væri að ræða.  
Ef þið þurfið ekki að vitna í einstaka viðmælenda í textanum sjálfum þá setjið þið þá undir viðmælendur og getið um hversu margir þeir eru, kyn, aldur og önnur sérkenni sem skýrir af hverju þið töluðu við þessa einstaklinga en ekki einhverja aðra.
3. Víðtöl við sérfræðinga koma á réttum stað m.t.t. skírnarnafns viðkomandi. Þar kemur fram hvers vegna var leitað til hans, t.d. vegna þess að hann er félagsfræðingur eða sérfræðingur á sviði tölvuleikja.

**Varðandi skráningu einstakra heimilda í heimildaskrána, sjá nánari upplýsingar á kennsluvef í upplýsingalæsi.**

## Skil málstofunnar verða sett inn á námsvefinn.

**Málstofuskilin til kennara:** þið verðið að skila (1) greinargerð, (2) glærusafni og (3) rapporti sem hópur. Nánari upplýsingar verða settar á námsvefinn.

### Veggspjaldið (ef þið fáið að gera það):

		<p>Er í ykkar höndum, en það sem þarf að hafa í huga er: (1) <i>inngangur</i>, (2) <i>meginmál</i>, (3) <i>lokaorð</i> og (4) <i>einstaklingsmat</i>. Nánari upplýsingar um veggspjaldið verða settar á námsnetið síðar.</p>
---	---	--

Þeir sem ekki gera veggspjald vinna einstaklingsverkefni sem tengist námsefninu og skila einstaklingsmati.

### René Descartes (1596-1649)

- Að hafa ekkert fyrir satt nema það liggir í augum uppi og kveða ekki á um neitt nema það sem stendur manni svo skýrt og greinilega fyrir hugskotssjónum að maður geti ómögulega borið brígður á það.
- Að sundurgreina sérhvern vanda í eins marga smáþætti og unnt er til að ráða betur við hann.
- Að hugsa í réttri röð, það er að segja byrja á einfaldasta þætti vandans, fikra sig svo áfram til hins flóknasta.
- Að sleppa engu og fara yfir alla þætti aftur rækilega til að vera viss um að manni hafi ekki yfirsést neitt.

		
<b>Ekki gleyma Búdda</b>		
<i>Ef þú snýrð í rétta átt dugir að halda göngunni áfram!</i>		
<i>Besta byrjunin er að taka eitt skref í einu!</i>		

Góða skemmtun og gangi ykkur vel ☺